

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Keflavíkurhöfn, Reykjanesbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Iðnaðar- og hafnarsvæði við Keflavíkurhöfn verður miðsvæði.
- Þjónustusvæði norðan Iðjustígs verður miðsvæði og stækkar til norðurs þannig að útivist - opið svæði minnkar.
- Merkingarnar S1 og S21 falla niður og fallið er frá að gera fyrirhugaðan veg í framhaldi af Flugvallarvegi á milli Hafnargötu og Bakkastígs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 20. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.